

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

Tölublað 4

3. júlí 2023



Líf og fjör í Stykkishólmi

### Viðburðarík helgi að baki í Hólminum

Danskir dagar voru haldnir samhliða Landsmóti UMFÍ 50+ dagana 22.-25. júní. Nú sem fyrr sótti fjöldi fólks Hólminn heim á Dönskum dögum til að gleðjast með ættingjum

og vinum og njóta fjölbreyttar dagskrár fyrir alla fjölskylduna. Þar að auki var fjöldi fólks mætt í Hólminn til að láta til sín taka á Landsmóti 50+. Margt var því um manninn í bænum

og mikið um að vera. Undirbúningur og utnumhald Danskra daga og landsmóts gekk vel að sögn skipuleggjenda. Viðburðir helgarinnar voru vel sóttir og veðrið lék við heimamenn og

gesti stærri hluta helgarinnar. Þar sem mikið álag var á tjaldsvæðinu um helgina var afar kærkomið að fá rigningu á sunnudeginum til að vökva gras og annan gróður á svæðinu.



Atli Freyr, Klaudia Gunnarsdóttir, ásamt Kristínu dóttir sinni, Hrafnhildi Hallvarðsdóttir og Jakob Björgvin.

## Bætt aðgengi í Stykkishólmi

Í lok marsmánaðar kom aðili frá verkefninu römpum upp Ísland í Stykkishólmi til að kanna þörf á römpum hjá einkafyrirtækjum í bænum. Tilgangur verkefnisins er að auka aðgengi hreyfihamlaðra

að þjónustu, verslun og veitingahúsum á Íslandi. Haraldur Þorleifsson er hvatamaður verkefnisins.

Í júní mættu svo nokkrir vaskir menn á vegum verkefnisins og

römpuðu upp við Lyfju, Arion banka, Kram og Hárstofuna með myndarlegri hellulögn og bættu þar með aðgengi að þessum fyrirtækjum. Á myndinni sem fylgir fréttinni má sjá Atla Frey frá Römpum upp Ísland,

Klaudiu Gunnarsdóttir, formann velferðarnefndar ásamt Kristínu dóttir sinni, Hrafnhildi Hallvarðsdóttir forseta bæjarstjórnar og Jakob Björgvin S. Jakobsson bæjarstjóra.

## Drenað við ærslabelginn

Snemma í júnímánuði var lögð drenlögn við ærslabelginn í Stykkishólmi til að þurrka svæðið svo hægt væri að blása belginn upp. Mörugum þótti biðin eftir lofti í belginn orðin löng en ekki var hægt að blása í hann sökum þess hve blautur jarðvegurinn var

við staðsetningu belgsins, en jarðvegurinn heldur belgnum niðri og má því ekki vera of blautur svo gott hald fái af honum. Búið er nú að vinna bætur á þessu og má því jafnframt ætla að hægt verði að blása í belginn fyrir næsta sumar.

Vegna sumarfría kemur næsta tölublað Helstu fréttu út í byrjun september. Framvegis verður blaðinu ekki dreift til íbúa heldur verður

farið með upplag þess í Miðstöð öldrunarþjónustu að Skólástíg 14 þar sem áhugasamir gera nálgast eintak af blaðinu.



Jóhanna Kristín, fjallkonan 2023

## Hátíðarhöld á 17. júní

Þjóðhátíðardagur íslendinga var haldinn hátíðlegur 17. júní þar sem áhugasamir gera nálgast eintak af blaðinu.

vant er og fjöldi fólks á ferli. Fjallkonan í ár var Jóhanna Kristín Hjarðardóttir og ræðumaður dagsins var Magnús Ingi Bæringsson.



Magnús Bæringsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir á Landsmóti 50+. Mynd af vefsíðu UMFÍ

## Frábær stemning á Landsmóti UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Stykkishólmi dagana 23.-25. júní síðastliðna. Að sögn Gunnhildar Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóra HSH, gekk framkvæmd móts og undirbúningur þess frábærlega. „Svona mót er ekki haldið nema með öflugum sjálfboðaliðum sem skiluðu sínu mjög vel. Fjöldi þátttakenda var yfirmeðallagi í ár, eða um 350 manns“ -

segir Gunnhildur. Danskir dagar voru haldnir samhliða Landsmótinu og því margt um að vera í Hólminum þessa helgina. „Það hefði verið gaman að fá meiri þátttöku í opnu greinarnar, vonandi tekst UMFÍ að efla það á komandi mótum. En mótin eru frábær tækifæri fyrir hlaupa- og hjólahópa til að fjölmenna á og láta til sín taka“ - segir

Gunnhildur. Sólin lét sig ekki vanta þrátt fyrir slæma spá veðurstofunnar. Magnús Bæringsson, tólmstunda- og æskulýðsfulltrúi Stykkishólms, hafði spáð blíðu í Stykkishólmi landsmótshelgina þrátt fyrir að veðurstofa Íslands væri ekki á sama máli. Spá Magnúsar gekk eftir ef frá er talin lítilsháttar hitaskúrur í lok laugadags

og sunnudagsmorgun en brakandi blíða var allan föstudaginn og langt fram eftir laugardegnum.

Að lokum vildi Gunnhildur koma þakklætiskveðju til styrktaraðila, sjálfboðaliða og annarra sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti. Jafnframt segir hún sveitarfélagið eiga hrós skilið fyrir sitt framlag.

## Ráðherra í heimsókn



Menningar- og viðskiptaráðherra ásamt bærarstjóra.

Þann 29. júní síðastliðinn kom Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, ásamt föruneyti til heimsóknar í Stykkishólmi. Ráðherra kynnti sér m.a. starfsemi Vatnasafns, framtíð þess og markaðssetningu og heimsótti Norska húsið

til að fræðast um nýja grunnsýningu sem verið er að setja upp og opnar á næstunni. Þá fundaði ráðherra með bærarstjóra, bæjarráði og fleirum varðandi framtíðarhorfur Vatnasafns og menningarferðamála í Stykkishólmi.

## Hundagarðurinn Stellulundur opinn



Jan, Ingvar, Gísli, Jakob Björgvin og Jón Beck við Stellulund

Unnið hefur verið að undirbúningi hundagerðis í Stykkishólmi undanfarin ár af hálfu sveitarfélagsins. Umræður um hundagerði voru til að mynda áberandi í umhverfisgöngum bæjarstjóra árin 2019 og 2021 og ljóst að mikill áhugi íbúa var fyrir slíku gerði. Í kjölfar samráðs við íbúa samþykkti bæjarstjórn staðsetningu fyrir hundagerði í Stellulundi, við aðkomuna að Arnarborg.

Eftir að staðsetning og stærð lá fyrir var ljóst að ekki var um hefðbundið hundagerði að ræða heldur gróinn og myndarlegan hundagarð þar sem menn og hundar geta komið saman og notið góðra stunda saman í fallegu umhverfi. Undanfarið hafa svo starfsmenn Þjónustumiðstöðvar unnið baki brotnu að því að girða fyrir hundagarðinn. Svæðum fyrir lausagöngu hun-

da fer fjölgandi víða um land og þykir í dag sjálfsögð þjónusta við hundaeigendur í sveitarfélögum sem þar sem lausaganga hunda er óheimil. Með tilkomu svæðisins geta hundaeigendur í sveitarfélaginu og gestir sleppt hundum sínum lausum á öruggu svæði til að hitta aðra hunda og leika lausum hala.

### Stór og skjólgóður garður

Hundagarðurinn Stellulundur er ríflega 3500 fermetrar að stærð og líklega sá stærsti á Vesturlandi og með þeim stærstu á landinu. Svæðið hefur lengi verið kallað ýmist Stellulundur eða Kiddalundur en þau hjón Stella og Kiddi, Ingveldur Sigurðardóttir og Kristinn Gestsson, gróðursettu á sínum tíma trén á svæðinu sem er afar skjólgott í dag. Þótti því vel við hæfi að halda

nafninu til Stellulundur haga.

### Hundagarðurinn Stellulundur er nú opinn

Girðingavinnu er nú lokið og búið að koma fyrir bekkjum og borðum á svæðinu. Garðurinn var opnaður þann 16. júní og voru það Jakob Björgvin, bæjarstjóri og Gísli Pálsson, formaður umhverfis- og náttúruverndarnefndar, ásamt starfsmönnum Þjónustumiðstöðvar sem opnuðu svæðið fyrir almenningi eins og sjá má á myndinni sem fylgir þessari frétt. Hundagarðurinn stendur nú opinn fólki og hundum. Hundaeigendur eru hvattir til að ganga vel um svæðið og hirða upp eftir hundana sína innan svæðis sem utan. Minnt er á taumskyldu utan svæðis og að hundur er ávallt á ábyrgð eiganda síns. Enn er minniháttar frágangur eftir á svæðinu,



m.a. á eftir að bera efni í göngustíg frá bílplani að garðinum en gengið verður frá því á næstu dögum. Garðurinn er í þróun og eru því allar ábendingar vel þegar en þeim má beina á [stykkisholmur@stykkisholmur.is](mailto:stykkisholmur@stykkisholmur.is)

### Kolfinnur ánægður með Hundagarðinn



Kolfinnur var fyrsti ferfætti gestur Hundagarðsins. Ekki var annað að sjá en að sá ferfætti væri hæstánægður með nýjustu viðbótina við útivistarsvæði í sveitarfélaginu þegar hann spókaði sig þar um í sumarblíðunni daginn fyrir opnun og tók garðinn út.